

# Hverfisráð Hríseyjar

## 139. fundur

Fimmtudaginn, 4. febrúar 2021, kl 20:00 var haldinn 139. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker. Halla Björk Reynisdóttir var áheyrnarfulltrúi fyrir hönd Akureyrarbæjar.

## Dagskrá:

### 1. Nettengingar í Hrísey, umsókn í Ísland ljóstengt

Nettenging í Hrísey rædd. Hverfisráð óskar eftir, í samráði við bæjarstjórn, að sótt verði í verkefnið Ísland ljóstengt, en verkefnið er tímabundið landsátak til ljósleiðarauppbyggingar í dreifbýli utan markaðssvæða. Umsóknarfresti í lokaúthlutun lýkur 1. mars 2021, og eru íbúar og hverfisráð til í að leggja sitt af mörkum til að aðstoða við umsóknarferlið.

### 2. Cittaslow

Inngangur Hríseyjar að Cittaslow samtökum ræddur. Verkefnið hefur þegar vakið talsverðan áhuga, og er lítið á að Cittaslow gæti verið jákvætt framhald af byggðapróunarverkefninu Brothættar Byggðir sem lauk árið 2019. Þjónustufulltrúa Akureyrarbæjar í Hrísey hefur verið falið að hafa umsjón með vinnslu umsóknar Hríseyjar í Cittaslow.

### 3. Önnur mál

- a) Samskipti við Akureyrarbæ rædd. Rætt hvernig mætti tengja saman enn betur starf þjónustufulltrúa Akureyrarbæjar og starf hverfisráðs.
- b) Hugmyndir vegna útfærslu aðalfundar ræddar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:20.

Claudia Werdecker  
Ingólfur Sigfússon  
Kristinn Frímann Árnason

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker